

Árshátíðarkvöldverður 10. bekkjar

Undirbúningur í höndum foreldra og nemenda í 10. bekk

Starfsfólk og nemendur borða saman hátíðarkvöldverð á sal Akurskóla.

Nokkur hagnýt atriði:



Foreldrar nemenda í 10. bekk sjá um:

- Að stofna undirbúningshóp sem deilir út hlutverkum og sér um allt utanumhald.
 - Gott er að búa til sameiginlegt skjal þar sem aðrir foreldrar geta skráð sig í hlutverk t.d. í skreytingarhóp, elda/framreiðslu og þjóna til borðs og frágang.
- Pantar eða elda hátíðarmat (í eldhúsi Akurskóla ef vill)
- Taka þarf ákvörðun um það hvort kennarar og starfsfólk greiði fullt verð fyrir matinn eða hvort foreldrar ætli að bjóða eða niðurgreiða matinn að einhverju leyti.
- Að útbúa auglýsingu og skráningarblað til að athuga fjölda kennara og starfsfólks.
- Að kaupa inn, t.d. í fordrykk, gos og annað sem til þarf
- Að kaupa blóm eða annað skraut á borðin eða koma með skraut að heiman en þá þarf að passa að merkja það vel fyrir þann hóp sem gengur frá.
- Skreytingarhópur raðar borðum í gryfjuna, leggur á borð og skreytir salinn og annað sem tilheyrir til að gera þessa stund sem hátíðlegasta. Mikilvægt að sá hópur taki mynd af salnum áður en honum er breytt til að auðvelda frágang fyrir þá sem taka það að sér.
- Framleiðsla og þjónar: Þjóna nemendum og kennurum til borðs og taka af borðum milli rétta.
- Frágangshópur. Gengur frá salnum eins og að honum var komið. Þurrkar af borðum og gengur frá skrauti. Gólf sópað og gengið frá í eldhúsi og rusli hent eða komið snyrtilega fyrir á sýnilegan stað fyrir húsvörð skólans.

Nemendur:

- Nemendur hengja þáttökulista upp á kennarastofunni í samráði við foreldrahópinn og stjórnendur.
- Nemendur sjá um handrit fyrir kynna kvöldsins, skemmtiatriði og skipulag dagskrár í samráði við stjórnendur skólans.

Foreldrafélag Akurskóla, FFA:

- FFA á blómavasa og kertastjaka í geymslu í skólanum
- FFA styrkir hvern árgang um 30.000 kr. sem er hægt að nota í myndakassa o.þ.h.

Góða skemmtun!